



## Fundargerð

383. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri kl.11:00 fimmtudaginn 30. apríl. 5. fundur ársins 2015.

Fundargerð er tölvuskráð af Evu Björk Harðardóttur og er 2 blaðsíður.

Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn

Sveitarstjóri og Oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi.

*Oddviti sótti Landsþing sambands Íslenskra sveitarfélaga í Salnum í Kópavogi þann 17.apríl sl.*

*Oddviti verður með viðveru á skrifstofu Skaftárhrepps frá kl. 10:00 – 14:00 virka daga til 15.maí en þá tekur nýr sveitarstjóri til starfa.*

## Dagskrá

### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Fyrri umræða um Ársreikning Skaftárhrepps 2014.

*Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi hjá KPMG endurskoðun mætti til fundarins og fór yfir ársreikninginn. Oddviti þakkar Einari greinargóða yfirferð.*

*Ársreikningi vísað til síðari umræðu.*

2. Staðfesting á ráðningarsamningi Söndru Brár Jóhannsdóttur í starf sveitarstjóra Skaftárhrepps.

Fyrir liggur ráðningarsamningur við Söndru Brá Jóhannsdóttur. Samningurinn hljóðar upp á kr 770.000 króna mánaðarlaun. Ferðakostnaður skal greiddur samkvæmt akstursdagbók.

*Ó listinn óskar bókunar:*

*Vegna ákvæðis í ráðningarsamningi sveitarstjóra sem hljóðar svo:*

*„Sveitarstjóri heldur reglulega fundi með meiri hluta sveitarstjórnar þar sem farið er yfir stöðu helstu mála sem eru á döfnni hverju sinni“, teljum við að með þessu ákvæði sé verið að útiloka lýðræðislega og opna umræðu um verkefni sveitarfélagsins. Því sitjum við hjá við þessa afgreiðslu.*

*Samningurinn er samþykktur. staðfestur og undirritaður af EBH, BG, og HGÁ.*

*Eva Björk Harðardóttir oddviti víkur af fundi vegna vanhæfis.*

*Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, varaoddviti tekur við stjórn fundarins.*

3. Umsókn um nýtt rekstrarleyfi að Þykkvabæ 3 fyrir heimagistingu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindið.



Eva Björk kemur aftur á fundinn og tekur við stjórn fundarins.

**II. Fundargerðir til samþykktar.**

Engar fundargerðir eru til samþykktar.

**III. Fundargerðir til kynningar.**

Engar fundargerðir eru til kynningar.

**IV. Annað kynningarefni.**

Ekkert annað efni er til kynningar.

**V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit**

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl.13:00

Maí fundur boðaður með dagskrá miðvikudaginn 13. maí 2015 kl. 13:00.

---

Eva Björk Harðardóttir.

---

Bjarki V. Guðnason.

---

Guðmundur Ingi Ingason.

---

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

---

Jóhannes Gissurarson.